# Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu

08 508

## Ársreikningur 2018

## Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og áritun forstöðumanns ........................................................ 2
Yfirlit um afkomu ársins ........................................................ 3
Efnahagsreikningur ........................................................ 4
Sjóðstreymisyfirlit ........................................................ 5
Skýringar ........................................................ 6

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar undir umsjón Velferðarráðuneytisins.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 24 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 1478,7 milljónir og afkoma kr. -10,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 3,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 25,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 27. nóv. 2019

Staður, dags.

Forstöðumaður

# Yfirlit um afkomu ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 3 | 1.478.700.000 | 1.435.500.000 |
| **Tekjur samtals** | | 1.478.700.000 | 1.435.500.000 |
| **Gjöld** | | | |
| Annar rekstrarkostnaður | | 1.488.800.000 | 1.425.207.580 |
| **Gjöld samtals** | | 1.488.800.000 | 1.425.207.580 |
| **Afkoma ársins** | | (10.100.000) | 10.292.420 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Tengdir aðilar | | 25.192.420 | 103.792.420 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 25.192.420 | 103.792.420 |
| **Eignir samtals** | | 25.192.420 | 103.792.420 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 4 | | |
| Hrein eign | | 3.692.420 | 13.792.420 |
| **Eigið fé samtals** | | 3.692.420 | 13.792.420 |
| **Skuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 21.500.000 | 90.000.000 |
| **Skuldir samtals** | | 21.500.000 | 90.000.000 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 25.192.420 | 103.792.420 |
| **Aðrar upplýsingar** | 5 | | |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (10.100.000) | 10.292.420 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur og gengismunur | | 0 | 0 |
| | | (10.100.000) | 10.292.420 |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Tengdir aðilar | | 78.600.000 | (100.292.420) |
| Skammtímaskuldir | | (68.500.000) | 90.000.000 |
| | | 10.100.000 | (10.292.420) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 0 | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 0 | 0 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

## Skýringar

### 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Fjárheimildir ársins til rekstrar, rekstrartilfærslna og fjármagnstilfærslna eru færðar til tekna á árinu.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi fjárlagaliðarins hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

# Skýringar

**3 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 1.478.700.000 | 1.435.500.000 |
| | 1.478.700.000 | 1.435.500.000 |

**Yfirlit um fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu þeirra í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 1.377.300.000 | 0 | 0 | 1.377.300.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 90.000.000 | 0 | 0 | 90.000.000 |
| Launabætur | 11.400.000 | 0 | 0 | 11.400.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **1.478.700.000** | **0** | **0** | **1.478.700.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (1.488.800.000) | 0 | 0 | (1.488.800.000) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(10.100.000)** | **0** | **0** | **(10.100.000)** |

**4 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 13.792.420 | 3.500.000 |
| Afkoma ársins | (10.100.000) | 10.292.420 |
| Jöfnuður 31.12. | 3.692.420 | 13.792.420 |

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

**5 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Fjárlagaliðurinn er ekki með neina skuldbindandi samninga.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Á ekki við